

**Menntaskólinn við Hamrahlíð**  
02 304

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Menntaskólinn við Hamrahlið**

**kt. 460269-3509**

**Hamrahlið 10, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn við Hamrahlíð (MH) er ríkisskóli sem starfar samkvæmt íslenskum framhaldsskólalögum. Hlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.659,1 milljónir og afkoma kr. -61,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 32,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 188,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans við Hamrahlíð í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Steinn Jóhannsson  
Rektor

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.588.561.578	1.598.528.024
Aðrar tekjur .....		11.049.000	11.373.000
Seld þjónusta .....	3	8.101.445	14.002.247
Vörusala .....		14.025.200	12.758.300
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	22.804.506	30.273.184
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	14.589.171	11.914.605
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.659.130.900</b>	<b>1.678.849.360</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.282.514.461	1.235.336.268
Annar rekstrarkostnaður .....	6	423.669.739	401.428.270
Afskriftir .....	7	14.589.171	11.914.605
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.720.773.371</b>	<b>1.648.679.143</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(61.642.471)</b>	<b>30.170.217</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		6.574	4.043
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(365)	(3.414)
		6.209	629
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(61.636.262)</b>	<b>30.170.846</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		70.626.036	63.618.684
Aðrar eignir .....		1.200.000	1.200.000
		<u>71.826.036</u>	<u>64.818.684</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>71.826.036</u>	<u>64.818.684</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		891.557	3.123.614
Tengdir aðilar .....	9	63.319.719	120.766.047
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	6.847.056	3.274.783
Handbært fé .....	11	45.341.098	51.024.157
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>116.399.430</u>	<u>178.188.601</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>188.225.466</u>	<u>243.007.285</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		32.731.637	94.367.899
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>32.731.637</u>	<u>94.367.899</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	578.780	714.717
Viðskiptaskuldir .....		19.686.871	16.969.315
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	66.345.254	68.683.259
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	68.882.924	62.272.095
<b>Skuldir samtals</b>		<u>155.493.829</u>	<u>148.639.386</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>188.225.466</u>	<u>243.007.285</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(61.636.262)	30.170.846
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	14.589.171	11.914.605
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(14.589.171)	(11.914.605)
		(61.636.262)	30.170.846
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(1.340.216)	(978.445)
Tengdir aðilar .....		56.913.868	(36.775.957)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		379.551	(9.906.395)
		55.953.203	(47.660.797)
		<u>(5.683.059)</u>	<u>(17.489.951)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(21.596.523)	(21.020.655)
		(21.596.523)	(21.020.655)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		396.523	820.655
Fjárfestingarframlag .....		21.200.000	20.200.000
		21.596.523	21.020.655
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(5.683.059)	(17.489.951)
		51.024.157	68.514.108
		<u>45.341.098</u>	<u>51.024.157</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.588.561.578	1.598.528.024
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	14.589.171	11.914.605
	<u>1.603.150.749</u>	<u>1.610.442.629</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.559.800.000	0	0	1.559.800.000
Launabætur .....	11.900.000	0	0	11.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	16.861.578	0	0	16.861.578
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.588.561.578</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.588.561.578</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(1.650.197.840)	0	0	(1.650.197.840)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(61.636.262)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(61.636.262)</b>

	2022	2021
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	1.450.801	756.345
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.281.134	7.765.792
Veitinga- og gistiþjónusta .....	5.365.510	5.335.610
Fræðslustarfsemi og fundir .....	4.000	144.500
	<u>8.101.445</u>	<u>14.002.247</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	371.000	778.625
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	0	2.410.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	21.758.506	26.342.559
Ýmsar tekjur .....	675.000	742.000
	<u>22.804.506</u>	<u>30.273.184</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.037.439.450	1.003.556.411
Orlof, breyting .....	2.033.857	(2.059.512)
Launatengd gjöld .....	239.927.089	229.190.708
Starfsmannakostnaður .....	3.114.065	4.648.661
	<u>1.282.514.461</u>	<u>1.235.336.268</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	94,9	98,7
------------------------------	------	------

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	5.358.592	7.198.742
Byggingarvörur, almennar .....	371.735	554.443
Byggingarvörur, aðrar .....	76.907	306.524
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	94.042
Ýmis tæki og áhöld .....	2.649.602	3.254.627
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	139.608	78.927
Orkugjafir .....	12.036.365	10.659.109
Matvæli .....	9.729.166	8.416.131
Almennar rekstrarvörur .....	3.354.086	5.958.037
Vörukaup, almenn .....	33.716.061	36.520.582

## Skýringar

	2022	2021
<b>6 Annar rekstrarkostnaður (frh)</b>		
Kennslu- og fönðurvörur .....	3.451.299	3.867.197
Ýmsar sérgreindar vörur .....	567.806	699.012
Vörukaup, sérgreind	4.019.105	4.566.209
Fundir, námskeið, risna .....	2.143.751	795.362
Ferðir, uppihald .....	2.394.673	3.563.283
Akstur .....	3.061.706	1.925.215
Sérfræðiþjónusta .....	15.127.723	13.362.634
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	333.585	245.549
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.573.809	1.572.292
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.096.605	1.765.766
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	26.731.852	23.230.101
Afnotagjöld .....	7.362.774	7.882.734
Leigugjöld .....	326.674.874	311.585.266
Notkun véla og flutningatækja .....	1.368.948	891.761
Verkkaup .....	22.421.562	15.471.703
Kostnaðarhlutdeild .....	1.213.763	1.207.414
Opinber gjöld .....	120.800	0
Tilfærslur .....	40.000	72.500
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	359.202.721	337.111.378
Annar rekstrarkostnaður samtals	423.669.739	401.428.270
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	14.507.723	11.914.605
Söluþap og úreltar eignir .....	81.448	0
	14.589.171	11.914.605
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	70.626.036	63.618.684
Aðrar eignir .....	1.200.000	1.200.000
	71.826.036	64.818.684

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	157.132.371	0	0	1.200.000	158.332.371
Viðbætur á árinu .....	21.596.523	0	0	0	21.596.523
Selt/úrelt á árinu .....	(17.760.491)	0	0	0	(17.760.491)
	160.968.403	0	0	1.200.000	162.168.403
Afskriftir 01.01.2022 .....	93.513.687	0	0	0	93.513.687
Afskrift ársins .....	14.507.723	0	0	0	14.507.723
Selt/úrelt á árinu .....	(17.679.043)				(17.679.043)
	90.342.367	0	0	0	90.342.367
Staða 31.12.2022 .....	70.626.036	0	0	1.200.000	71.826.036

## Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	63.319.719	118.356.047
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	0	2.410.000
	<u>63.319.719</u>	<u>120.766.047</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	578.780	714.717
	<u>578.780</u>	<u>714.717</u>

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.244.886	269.218
Skattar .....	5.602.170	3.005.565
	<u>6.847.056</u>	<u>3.274.783</u>

### 11 Handbært fé

Tékkareikningar .....	23.380.092	20.464.879
Sparisjóðsreikningar .....	21.961.006	30.559.278
	<u>45.341.098</u>	<u>51.024.157</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 5,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022 31.12.2021

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	94.367.899	64.197.053
Afkoma ársins .....	(61.636.262)	30.170.846
Jöfnuður 31.12. ....	<u>32.731.637</u>	<u>94.367.899</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

### 13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	61.838.006	59.804.149
Önnur ógreidd gjöld .....	4.507.248	8.879.110
	<u>66.345.254</u>	<u>68.683.259</u>

## Skýringar

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	71.826.036	64.818.684
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umfamráðstafað til fjárfestinga) .....	(2.943.112)	(2.546.589)
	<u>68.882.924</u>	<u>62.272.095</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	64.818.684	(2.546.589)	62.272.095
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	21.200.000	21.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	21.596.523	(21.596.523)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(14.589.171)	0	(14.589.171)
	<u>71.826.036</u>	<u>(2.943.112)</u>	<u>68.882.924</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 13,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 357,2 milljónum. Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um þjónustu og nema árlegar greiðslur kr. 44,3 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.